

## 14. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

### 1. gr.

Fyrir 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.  
b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki kr. 6.40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum kr. 16 af hverju kg.  
b. af vindlingum (cigaretum) kr. 14.40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaodeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaodufti 50 au. af hverju kg.  
b. Af kakaobaunum brenndum, muldum og ómuldum, 50 auru af hverju kg.  
c. Af kakaobaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstsykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3.00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda tollflokka fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

### 2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

### 3. gr.

Lög nr. 48, 27. júní 1925 og lög nr. 116, 19. december 1933 eru úr gildi numin.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að gera verður ráð fyrir að auka verði tolltekjur ríkissjóðs, þannig að tekjur ríkissjóðs skerðist ekki þótt innflutningur kynni að minnka, þykir rétt að fara fram á að hækka toll af tóbaki. Sömuleiðis er hækkaður tollur á brjóstsykri, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum, og gengisviðaukinn 25% framlengdur til ársloka 1935.